

Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði og Reykjanesfólkvangur,
kt. 581280-0419, Borgartúni 14 gera með sér eftir farandi

Rekstrarsamning – samkomulag
um rekstur íveruhúss og salernishúss við Seltún í Krýsuvík

1. gr.

Reykjanesfólkvangur tekur að sér að koma upp aðstöðu fyrir ferðamenn við Seltún í Krýsuvík sem lýtur að því að flytja, koma fyrir og hafa umsjón með íveruhúsi og salernishúsi. Samkomulag þetta er gert í framhaldi að ósk Reykjanesfólksvangs (fundargerð dags. 31.03.2009) þar sem óskað er eftir samstarfi við Hafnarfjarðarbæ um rekstur íveruhúss og salernisaðstöðu í Seltúni. Tilgangur húsanna er að þjóna ferðamönnum Seltúns.

2. gr.

Flutt verða tvö hús að Seltúni. Annað er 40 fermetra skáli og hitt er salernishús þar sem verða fjögur salerni, að minnsta kosti eitt með aðgengi fyrir fatlaða. Áður voru hús þessi staðsett á „Reykjavegi“ gönguleið frá Reykjanestá til Þingvalla og hugsuð sem aðstaða fyrir göngufólk. Húsin voru smíðuð með tilliti til þess að falla vel að náttúrulegu umhverfi.

3. gr.

Reykjanesfólkvangur fjármagnar flutning á húsunum til Seltúns og standsetningu á þeim. Þá annast fólkvangurinn um annað er viðkemur húsunum s.s. safnþró, vatnsleiðslur, tengingar og fl. Styrkur að upphæð kr. 1.000.000 sem veittur var Hafnarfjarðarbæ og Reykjanesfólkvangi fyrr á þessu ári frá Ferðamálastofu, kt. 530169-4059 mun renna óskiptur til þessa þáttar. Styrkveiting Ferðamálastofu er samkvæmt ákvörðun styrkveitanda á sviði umhverfismála til úrbóta á ferðamannstöðum. Krafa er gerð um aðgengi fyrir fatlaða.

4. gr.

Hafnarfjarðarbær veitir byggingar- og staðsetningarleyfi fyrir húsunum. Salernis- og hreinlætisaðstaða fyrir ferðamenn sem koma við í Seltúni árið 2010 skal vera tilbúin eigi síðar en 20. júní það ár.

5. gr.


Húsin eru á forræði Reykjanesfólksvangs og á ábyrgð hans.

6. gr.

Hafnarfjarðarbær greiðir á samningstímanum krónur 1.000.000 á ári til Reykjanesfólksvangs sem alfarið skal nýta í rekstur á umræddum húsum og til umbóta fyrir ferðamenn á Seltúnssvæðinu með áherslu á hreinlætis- og salernisaðstöðu. Helmingur upphæðarinnar greiðist 1. júlí og helmingur 1. september og skal Reykjanesfólkvangur senda reikninga vegna þessa til Hafnarfjarðarbæjar.

7. gr.

Reykjanesfólkvangur sér um viðhald á húsunum og ber kostnað vegna skemmda.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	28.5.2010
Málsnr:	0902 022
Bréfal:	521-1

Handwritten initials and date: G. 19

8. gr.

Þjónustutími er frá 15. maí til 15. september ár hvert á samningstímanum. Vetrarfrágangur og lokun verða í samræmi við frágang „Fjallaskála“ og mun Reykjanesfólkvangur sjá um þann þátt.

9. gr

Starfsmaður fólkvangsins og landvörður hafa aðstöðu í íveruhúsinu að Seltúni. Þeir veita ferðamönnum upplýsingar, skrá gestakomur og hafa umsjón með svæðinu ásamt því að sinna salernum. Vinnuflokkar Hafnarfjarðarbæjar munu einnig hafa aðstöðu í húsinu sem og bæjaryfirvöld til nýtingar í samráði við Reykjanesfólkvang.

10. gr.

Grundvöllur að samningi þessum er framkvæmda- og kostnaðaráætlun um flutning á húsum og standsetningu á þeim. Reykjanesfólkvangur hefur samþykkt framlag til að mæta kostnaði við verkefnið svo sem kveður á í samningi þessum.

11. gr.

Ef upp rís ágreiningur vegna samnings þessa skal mál höfðað fyrir héraðsdómi Reykjaness.

12. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. júní 2010 til 15. september 2012 og nær yfir þrjú sumur.

13. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki.

Viðbætur við samning:


Í nánustu framtíð er ljóst að ekki verður um það að ræða að leggja vatn eða rafmagn að svæðinu, bæði vegna kostnaðar og umhverfisþátta. Þessi framkvæmd hins vegar miðar að því að húsin sé sjálfbær, þ.e.a.s. hvað varðar vatn og hita, rafmagnsmál í samræmi við lausnir Ferðafélag Íslands við fjallaskála og hús á þeirra vegum.

Framlag Hafnarfjarðarbæjar byggir á núverandi rekstarkostnaði vegna þurrsalerna sem flutt hafa verið til svæðisins á hverju sumri.


Óskar Sævarsson hefur tekið að sér yfirumsjón verkefnisins fyrir hönd Reykjanesfólkvangs. Tengiliðir Hafnarfjarðarbæjar verða starfsmaður þjónustumiðstöðvar og starfsmaður Skrifstofu menningar- og ferðamála.

Dags. 28. maí 2010

Fyrir hönd Stjórnar Reykjanesfólkvangs:



Vottar:



Fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar

